

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði	Sorphreinsigjald	kr.	8.800 á íbúð
	Sorpeyðingargjald	kr.	9.300 á íbúð
	Sorphirðugjöld alls	kr.	18.100 á íbúð

Sumarbústaðir og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóða-hættu:

Sorpeyðingargjald	kr.	4.900 á fasteign.
-------------------	-----	-------------------

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.
0	0
1	10.500
2	21.000
3	42.000
4	84.000
5	126.000
6	210.000
7	294.000
8	483.000
9	735.000
10	966.000
11	18 kr./kíló

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar setur sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar. Fyrir förgun brotajárns skal greiða sérstaklega 7 kr. fyrir hvert kíló. Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma brotajárni á móttökustað í FUNA.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B. lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjalddögu bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrif-

leg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 29/2004.

Ísafjarðarbæ, 14. janúar 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

**um skrá Hjúkrunarheimilisins Eirar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þá sem falla undir áðurnefnda grein:

Hjúkrunarfræðingar:

Hjúkrunarforstjóri

1,0 staða

Hjúkrunarfræðingur yfir öllu heimilinu á næturvakt

1,0 staða

Hjúkrunarfræðingur á hverja deild á morgunvakt (7 deildir)

9,8 stöður

Hjúkrunarfræðingur á hverja deild á kvöldvakt (7 deildir)

9,8 stöður

Sjúkraliðar:

Sjúkraliðar á hverja deild, morgun-, kvöld- og næturvaktir (7 deildir)

5,75 stöður

Reykjavík, 20. janúar 2005.

Hjúkrunarheimilið Eir,

Birna Kr. Svavarsdóttir hjúkrunarforstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir holræsagjald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Ísafjarðarbæ eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarfélags.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,22% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.